

Reykjavík, 6. desember 2018

## Staða á biðlistum eftir völdum skurðaðgerðum í október 2018

Embætti landlæknis kallar þrisvar á ári eftir upplýsingum um stöðu á biðlistum eftir völdum skurðaðgerðum. Greinargerðir þar sem tölurnar eru skoðaðar og bornar saman við fyrri ár eru sendar til Velferðarráðuneytis og birtar á [vef](#) embættisins.

Aðgerðarstaðir eru beðnir um upplýsingar um sautján aðgerðarflokka, sem sumir hverjir eru hluti af biðlistaátaki. Meðal upplýsinga sem óskað er eftir er heildarfjöldi á biðlista og fjöldi sem hefur beðið lengur en 3 mánuði. [Viðmiðunarmörk](#) Embættis landlæknis um ásættanlegan biðtíma eftir aðgerð eru 90 dagar (3 mánuðir) og er miðað við að 80% komist í aðgerð innan þess tíma. Í þessari greinargerð er skoðað hvort 20% eða meira hafi verið á biðlista lengur en 3 mánuði. Þetta hlutfall fæst með því að deila fjölda sem hefur beðið lengur en 3 mánuði með heildarfjölda á biðlista, það lækkar því eða hækkar ef nýjum beiðnum á biðlista fjölgar/fækkar. Þessi nálgun segir ekki til um hvenær fólk kemst í aðgerð og þá er ekki gerður greinarmunur á hvaða aðgerðir þola bið og hverjar ekki. Eingöngu er átt við biðtíma frá því að einstaklingur var skráður á biðlista eftir aðgerð. Biðtími eftir skoðun hjá sérfræðingi, sem mat þörf á aðgerðinni og skráði viðkomandi á biðlista, er því ekki meðtalinn, en hann getur verið langur. Biðtími á göngudeild bæklunarlækna er áætlaður á bilinu 6-8 mánuðir á Landspítala og hefur lengst frá því í upphafi árs af ýmsum ástæðum svo sem vegna aukinna umsvifa og aukinnar eftirspurnar. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri var biðtími eftir skoðun bæklunarskurðlæknis að meðaltali um einn og hálfur mánuður á fyrri helmingi ársins 2018. Biðtíminn þar lengist þó yfirleitt seinni hluta árs eftir sumarfrí, en nokkuð skamman tíma tekur venjulega að ná honum niður aftur. Sem stendur er bið eftir viðtali við bæklunarskurðlækni á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi, áætluð um 10 dagar og innan við 4 vikur hjá Klíníkinni, Ármúla. Bið eftir þessum hluta ferlisins er því afar mislög og rétt að ítreka að þessi hluti biðtímans endurspeglast ekki í meðfylgjandi myndum.

Yfirlit yfir alla aðgerðarflokkana og stutta samantekt má sjá á yfirlitsmynd A.1. hér á eftir. Bið er yfir viðmiðunarmörkum í mörgum tegundum aðgerða en þó getur verið mjög misjafnt milli aðgerðarstaða hve lengi fólk hefur verið á biðlista eftir sams konar aðgerð. Staða á biðlistum eftir aðgerðum sem eru hluti af biðlistaátaki hefur lagast töluvert, en er þrátt fyrir það í mörgum tilfellum fjarri viðmiðunarmörkum. Á heildina litið hefur biðlistaátakið skilað miklum árangri. Aðgerðum hefur fjölgað mikið og biðtími hefur styst þrátt fyrir að hann sé enn of oft yfir viðmiðunarmörkum. Á sama tíma og átakið hefur staðið yfir hefur þörfin fyrir

sumar aðgerðir aukist sem lýsir sér í auknu innflæði sjúklinga á biðlista eftir þeim aðgerðum. Þá hafa ýmsir þættir dregið úr afkastagetu sjúkrahúsanna, s.s. lokun rúma, skortur á hjúkrunarfræðingum og frestun aðgerða. Einnig hefur áhrif hversu margir þeir einstaklingar eru sem lokið hafa meðferð á Landspítala og [bíða](#) eftir þjónustu annars staðar, svo sem hjúkrunarrými, endurhæfingu eða búsetuúrræði. Meta þarf þörf fyrir þessar aðgerðir til lengri tíma og auka framleiðni í samræmi við það mat. Þá gefur mismunandi biðtími eftir aðgerð milli aðgerðastaða tilefni til þess að efla enn frekar samstarf á milli sjúkrahúsa.

Tölulegar upplýsingar um bið eftir aðgerðum og fjölda framkvæmdra aðgerða yfir lengri tíma er að finna í [töflum](#) á vef embættisins.

Agnes Gísladóttir, verkefnisstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði

Hrefna Þengilsdóttir, yfirlæknir á sviði eftirlits og gæða

Laura Sch. Thorsteinsson, teymisstjóri úttekta á sviði eftirlits og gæða

Sigríður Haraldsdóttir, sviðsstjóri á heilbrigðisupplýsingasviði

## Biðlistaáttak

<b>Skurðaðgerð á augasteini</b>	Biðlistar eftir skurðaðgerðum á augasteinum hafa styst verulega frá upphafi biðlistaáttaks í ársbyrjun 2016 en eru þó um þriðjungi lengri nú en í fyrri innköllunum þessa árs. Biðlistar eru mislangir eftir aðgerðarstöðum og of langir á heildina litið. Á Landspítala (þar sem flestar aðgerðanna eru gerðar) er bið þó innan viðmiðunarmarka og miðgildi biðtíma þar á sl. 12 mánuðum (1.10.2017-30.9.2018) var 10 vikur. Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma frá öðrum aðgerðarstöðum.
<b>Hjarta- og eða kransæðamyndataka</b>	Bið er innan viðmiðunarmarka. Átta af 96 á biðlista hafa beðið >3 mánuði, miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð/myndatöku á síðustu 12 mánuðum var 8 vikur, en miðgildi biðtíma var 13 vikur árið 2017.
<b>Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna</b>	Biðlistaáttak varðandi kvenaðgerðir hefur staðið í tæp tvö ár. Misjafnt er hve hátt hlutfall hefur beðið lengur en 3 mánuði, en á heildina litið hafa 40% þeirra sem bíða eftir aðgerð á aðgerðarstöðum sem eru hluti af biðlistaáttakinu beðið lengur en sem því nemur. Flestar aðgerðanna eru gerðar á Landspítala og þar hefur miðgildi biðtíma styst úr 25 vikum (árið 2017) í 13 vikur (1.10.2017-30.9.2018). Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE), var 12 vikur. Ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma á SAK en þar höfðu 16 af 23 konum beðið lengur en 3 mánuði.
<b>Brottnám legs</b>	Alls hafa 34 af 82 konum beðið lengur en 3 mánuði en hlutfallið er mjög misjafnt milli aðgerðarstaða. Á Landspítala hafa 18% beðið lengur en 3 mánuði og miðgildi biðtíma var 7 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á sl. 12 mánuðum en hlutfallið var 63% og miðgildi biðtíma 13 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á HVE á sama tímabili. Miðgildi biðtíma á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) vantar.
<b>Liðskiptaaðgerð á mjöðm</b>	Um sjö af hverjum 10 hafa verið lengur en 3 mánuði á biðlista á þeim þremur aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaáttakinu. Biðlistar hafa styst talsvert frá upphafi biðlistaáttaks í ársbyrjun 2016 en bið er enn langt umfram viðmiðunarmörk, stysta miðgildi biðtíma á sl. 12 mánuðum á þessum aðgerðarstöðum 19 vikur á SAK en var 21 vika á Landspítala og 63 vikur á HVE. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð án kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga hjá Klíníkinni, Ármúla, var 3 vikur.
<b>Liðskiptaaðgerð á hné</b>	Ríflega tveir af hverjum þremur á biðlista á þeim þremur aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaáttakinu hafa beðið lengur en 3 mánuði. Þótt staða á biðlistum hafi lagast töluvert frá upphafi biðlistaáttaksins í mars 2016 er bið enn langt umfram viðmiðunarmörk. Þannig var stysta miðgildi biðtíma á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í áttakinu 24 vikur á Sjúkrahúsinu á Akureyri á sl. 12 mánuðum en 33 vikur á Landspítala og 64 vikur á HVE. Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð hjá Klíníkinni, Ármúla, án aðkomu Sjúkratrygginga var 3 vikur.

## Utan biðlistaáttaks

<b>Kransæðaaðgerð</b>	Enginn hefur beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma var 8 vikur á sl. 12 mánuðum en 1 vika á árinu 2017.
<b>Aðgerð á hjartalokum</b>	Sjö einstaklingar af 17 á biðlista hafa beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma hjá þeim sem fóru í aðgerð á sl. 12 mánuðum var 12 vikur, en var 7 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á árinu 2017.
<b>Úrnám hluta brjóst</b>	Bið er innan viðmiðunarmarka. Miðgildi biðtíma á Landspítala var 2 vikur á síðustu 12 mánuðum.
<b>Brjóstnám</b>	Fimm einstaklingar af 23 hafa beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma hjá þeim sem fóru í aðgerð á sl. 12 mánuðum var 3 vikur á Landspítala.
<b>Aðgerð til brjóstaminnkunar</b>	Bið er umfram ásættanleg viðmið, en 99 af 108 konum hafa beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma á Landspítala var 25 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum en 44 vikur á árinu 2017. Miðgildi biðtíma var 3 vikur hjá Klíníkinni, Ármúla.
<b>Endurgerð brjóst (brjóstaupþbygging)</b>	Alls hafa 47 af 61 konu verið á biðlista lengur en 3 mánuði á Landspítala. Miðgildi biðtíma var 15 vikur á sl. 12 mánuðum.
<b>Aðgerð vegna vélindabakflæðis eða þindarslits</b>	Tveir af hverjum þremur (27 af 41) hafa beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma á Landspítala var 26 vikur á sl. 12 mánuðum en 18 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 2017.
<b>Skurðaðgerð á maga vegna offitu</b>	Í fyrstu innköllun ársins 2018 hafði enginn beðið lengur en 3 mánuði. Fjölgað hefur umtalsvert á biðlistum á seinni hluta ársins og nú hafa 62 af 129 (48%) beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma á sl. 12 mánuðum var 12 vikur á Landspítala en 6 vikur hjá Klíníkinni, Ármúla og meðalbiðtími 3-4 vikur hjá Gravitás.
<b>Gallsteinaaðgerð</b>	Ríflega þriðjungur hefur beðið lengur en 3 mánuði en miðgildi biðtíma var 5 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á Landspítala og 3 vikur á HVE 1.10.2017-30.9.2018. Tekið var fram í svari Landspítala að ekki sé bið eftir að láta fjarlægja gallsteina með holspeglun eða steinmolun.
<b>Aðgerð á blöðruhálskirtli</b>	Enginn hefur beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma hefur verið 6-7 vikur á sl. 12 mánuðum.
<b>Brottnám hvekkis um þvagrás (TURP)</b>	Helmingur þeirra 46 sem eru á biðlista hefur beðið lengur en 3 mánuði. Miðgildi biðtíma var 14 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.10.2017-30.9.2018.

Yfirlitsmynd A.1. Yfirlit yfir alla aðgerðaflokka í biðlistainnköllum. Rauð merking táknar að bið virðist yfir viðmiðunarmörkum en miðað er við að bið sé viðunandi ef 80% komast í aðgerð innan þriggja mánaða. Græn merking táknar að bið virðist innan viðmiðunarmarka, þ.e. innan við 20% þeirra sem eru á biðlista hafa beðið lengur en 3 mánuði. Biðlistatölur sem fjallað er um í töflunni segja ekki til um hvenær einstaklingar komast í aðgerð, einungis hve lengi þeir hafa verið á biðlista. Miðgildi biðtíma segir til um hvenær 50% þeirra sem fóru í aðgerð höfðu komist að.


## A. Sjúkrahústengdar frestanir

Í júní sl. var í fyrsta sinn beðið um upplýsingar um sjúkrahústengdar frestanir aðgerða í tengslum við biðlistainnköllum. Var það aftur gert nú. Dæmi um slíkar frestanir:

- Bráðaaðgerð gengur fyrir.
- Skortur á starfsfólki veldur því að ekki er hægt að innrita eins marga sjúklinga og ætti að vera pláss fyrir.
- Ekki er pláss á deild vegna sjúklinga sem eru tilbúnir að útskrifast af deildinni en skortir önnur úrræði.

Landspítali sendi upplýsingar um frestanir aðgerða eftir sérgreinum en lítið sem ekkert var um frestanir á öðrum aðgerðarstöðum. Um ein af hverjum þremur aðgerðum sem frestað var á Landspítala vegna sjúkrahústengdra ástæðna var bæklunarskurðaðgerð. Flestar frestanir voru vegna bráðaaðgerða en um helmingur allra bæklunaraðgerða eru bráðaaðgerðir.

Nánari upplýsingar um bæklunaraðgerðir	1.6.2017-31.5.2018	1.10.2017-30.9.2018
<b>Heildarfjöldi aðgerða á Landspítala</b>	<b>15.787</b>	<b>15.272</b>
Heildarfjöldi bráðaaðgerða	4.712	4.488
<b>Heildarfjöldi bæklunaraðgerða</b>	<b>3.070</b>	<b>2.903</b>
Hlutfall bæklunaraðgerða af heildarfjölda aðgerða	19,4%	19,0%
Fjöldi (%) bæklunaraðgerða sem voru bráðaaðgerðir	1.581 (51,5%)	1.478 (50,9%)
<b>Fjöldi (%) sjúkrahústengdra frestana af heildarfjölda aðgerða</b>	<b>354 (2,2%)</b>	<b>308 (2,2%)</b>
Fjöldi (%) sjúkrahústengdra frestana á bæklunaraðgerðum af heildarfjölda bæklunaraðgerða	109 (3,6%)	103 (3,5%)
Hlutfall bæklunaraðgerða af sjúkrahústengdum frestum	30,8%	33,4%




Mynd A1. Sjúkrahústengdar frestanir á Landspítala á tímabilinu. Súlnar sýna frestanir eftir ástæðum á tímabilinu 2.10.2017- 28.9.2018 en punktur sýnir heildarfjölda sjúkrahústengdra frestana 1.6.2017 – 31.5.2018.


## B. Biðlistar eftir skurðaðgerð á augasteini og liðskiptum á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaátaki

### 1. Skurðaðgerð á augasteini

Auknu fjármagni var veitt í áttak gegn löngum biðlistum eftir skurðaðgerð á augasteini í ársbyrjun 2016 og gert var ráð fyrir að það stæði í þrjú ár.




**Mynd 1.1. Heildarfjöldi á biðlista.** Um er að ræða fjölda aðgerða sem beðið var eftir, þannig var einstaklingur talinn tvisvar ef viðkomandi beið eftir aðgerð á báðum augum (sjá nánar í [yfirlitskjöllum](#)). Myndin sýnir fækkun á biðlistum síðan biðlistaátakið hófst. Í október 2016 var beðið eftir um 4.000 aðgerðum á tilgreindum aðgerðarstöðum en 1.427 í október 2018.<sup>1</sup> Hafa ber í huga að einhverjir kunna að vera skráðir á biðlista á fleiri en einum aðgerðarstað.




**Mynd 1.2. Staða á biðlistum í október 2018.** Myndin sýnir fjölda á biðlista og fjölda sem hafði verið á biðlista lengur en 3 mánuði. Mjög misjafnt er eftir aðgerðarstað hve hátt hlutfall hafði beðið lengur en 3 mánuði en hlutfallið er 43% þegar þessir fjórir tilgreindu aðgerðarstaðir eru skoðaðir í heild.

<sup>1</sup> Lasersjón varð hluti af biðlistaátakinu í maí 2017. Þess var getið í upplýsingum þaðan í febrúar 2018 að 231 hefði afþakkað boð um aðgerð og viljað bíða lengur. Voru slíkar beiðnir ekki taldar með í heildarfjölda á biðlista frá þeim tímamarki, sem skýrir að hluta mun á biðlistatölum þar milli október 2017 og febrúar 2018. Átakið náði eingöngu til Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri á árinu 2018.



**Mynd 1.3. Miðgildi biðtíma.** Gríðarleg breyting hefur orðið á miðgildi biðtíma þeirra sem hafa farið í aðgerð á Landspítala. Þegar skoðuð eru þrjú 12 mánaða tímabil má sjá að miðgildi var 67 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.10.2015 til 30.9.2016 en 10 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð frá 1.10.2017 til 30.9.2018. Ekki bárust upplýsingar um biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Sjúkrahúsinu á Akureyri, hjá Sjónlagi eða Lasersjón.




**Mynd 1.4.** Myndin sýnir fjölgun aðgerða eftir að biðlistaátak hófst. Á síðustu 12 mánuðum voru gerðar 3.462 aðgerðir<sup>2</sup> (grænar súlur) á tilgreindum aðgerðarstöðum, talsvert færri en á 12 mánuðunum þar á undan þegar gerðar voru 4.828 aðgerðir (gráar súlur). Biðlistaátak nær eingöngu til Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri á árinu 2018 og samkvæmt því á Landspítali að gera 1.200 aðgerðir umfram aðgerðir sem sinnt er samkvæmt föstum fjárveitingum og Sjúkrahúsið á Akureyri 100 aðgerðir. Betur verður hægt að skoða hvort það hafi náðst eftir næstu innköllun, þegar árið 2018 verður skoðað í heild.


<sup>2</sup> Á Landspítala eru aðgerðir eingöngu taldar ef þær voru aðalaðgerð sem sjúklingur var á biðlista eftir. Í sumum tilfellum fer einstaklingur í annars konar aðgerð (t.d. vegna gláku) og skurðaðgerð á augasteini í sömu aðgerð. Ef slíkar aðgerðir eru taldar með er fjöldi aðgerða á sl. 12 mánuðum 2.130 og 3.136 frá 1.10.2016 til 30.9.2017.

## 2. Liðskiptaaðgerð á mjöðm


Auknu fjármagni var veitt í átak gegn löngum biðlistum eftir liðskiptaaðgerðum í ársbyrjun 2016. Gert var ráð fyrir að átakið stæði í þrjú ár. Á myndum hér á eftir er skoðuð staða á biðlistum á þeim þremur aðgerðarstöðum sem taka þátt í átakanu, Landspítala, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE) og Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK). Það er rétt að áréttta að um er að ræða bið eftir að einstaklingur fór á biðlista. Fyrsti hluti ferlisins, þ.e. biðtími eftir skoðun hjá bæklunarskurðlækni sem metur þörf á aðgerð og setur viðkomandi á biðlista, er ekki meðtalinn. Sá biðtími er mjög misjafn milli stofnana eins og greint er frá í inngangi. Hjá Klíníkinni, Ármúla, þar sem fólk greiðir fyrir aðgerð án kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga, voru gerðar 39 aðgerðir á tímabilinu 1.10.2017 til 30.9.2018 og miðgildi biðtíma var 3 vikur (sjá nánar í [yfirlitsskjali](#)).




**Mynd 2.1. Heildarfjöldi á biðlista á þeim aðgerðarstöðum sem eru hluti af biðlistaátakinu.** Í byrjun október 2018 voru alls 337 á biðlista eftir aðgerð, en á sama tíma fyrir tveimur árum biðu 493 og 523 fyrir þremur árum. Fækkun frá október 2015, áður en biðlistaátakið hófst, nemur 36% en 17% frá fyrra ári (október 2017).



**Mynd 2.2. Mánuðir á biðlista.** Myndin sýnir hvað þeir sem eru á biðlista höfðu beðið lengi á tilgreindum tímamarki. Þótt margir hafi verið mjög lengi á biðlista má sjá að fækkað hefur umtalsvert í hópi þeirra sem höfðu verið á biðlista lengur en 6 mánuði á undanförunum tveimur árum, úr 323 í febrúar 2016 í 144 í október 2018. Þeir sem hafa beðið skemur en 3 mánuði eru nú 100, nokkuð færri en á undanförunum misserum, sem bendir til að innstreymi á biðlista hafi verið minna á síðustu mánuðum.




**Mynd 2.3. Framkvæmdar aðgerðir á sex 12 mánaða tímabilum.** Myndin sýnir fjölgun aðgerða eftir að biðlistaátak hófst (á fyrri hluta tímabilsins 1.10.2015-30.9.2016, gular súlur). Á síðustu 12 mánuðum voru gerðar alls 768 aðgerðir (grænar súlur)<sup>3</sup> á tilgreindum aðgerðarstöðum, svipað og á 12 mánuðunum þar á undan (1.10.2016-30.9.2017) þegar gerðar voru 763 aðgerðir (gráar súlur).



**Mynd 2.4. Heildarfjöldi á biðlista og framkvæmdar aðgerðir á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu.** Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista á öllum þremur aðgerðarstöðunum (súlur) og fjöldi aðgerða (lína) á undangengnum 12 mánuðum (súlan við október 2018 táknar því heildarfjölda á biðlista í byrjun þess mánaðar en línan sýnir fjölda aðgerða 1.10.2017-30.9.2018). Gerð var 471 aðgerð frá 1.10.2014-30.9.2015 en á síðastliðnum 12 mánuðum voru gerðar 768 aðgerðir. Á heildina litið má til viðmiðunar sjá út úr myndinni að meðalfjöldi aðgerða á viku á síðustu 12 mánuðum var 14,8. Ef sá fjöldi helst óbreyttur má áætla að það taki um 23 vikur að gera aðgerðir á þeim 337 sem eru nú á biðlista. Mjög misjafnt virðist þó vera milli aðgerðarstaða hve löng biðin er (sjá mynd 2.5).

<sup>3</sup> Ef allar aðgerðir eru taldar á Landspítala, þó ekki hafi verið um að ræða aðalaðgerð, var fjöldi liðskiptaaðgerða á mjöðm 510 á tímabilinu 1.10.2017-30.9.2018 og 525 frá 1.10.2016 til 30.9.2017.







**Mynd 2.5. Miðgildi biðtíma.** Myndin sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á þremur 12 mánaða tímabilum á Landspítala, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE) og Sjúkrahúsinu á Akureyri (ekki bárust upplýsingar þaðan um miðgildi biðtíma í fyrri innköllunum). Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.10.2015-30.9.2016 var 36 vikur en 21 vika tveimur árum síðar. Af 491 sem fór í aðgerð á Landspítala á síðastliðnum 12 mánuðum beið helmingur því 21 viku eða lengur, eða a.m.k. um 5 mánuði. Biðtími þeirra sem fóru í aðgerð á HVE hefur farið vaxandi á tímabilinu. Miðgildi biðtíma var 63 vikur hjá þeim 65 sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum, þannig biðu 50% þessara einstaklinga a.m.k. 14 mánuði eftir aðgerð. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum 19 vikur. Helmingur þeirra 212 sem fóru í aðgerð á tímabilinu var þannig búinn að fara í aðgerð eftir rúma 4 mánuði á biðlista.

### 3. Liðskiptaaðgerð á hné


Auknu fjármagni veitt í þriggja ára biðlistaátak gegn löngum biðlistum eftir liðskiptaaðgerðum á hnjám í ársbyrjun 2016, eins og eftir liðskiptaaðgerðum á mjöðmum. Á myndum hér á eftir er skoðuð staða á biðlistum á þeim þremur aðgerðarstöðum sem taka þátt í átakinu. Líkt og með liðskiptaaðgerðir á mjöðmum er áréttáð að um er að ræða bið eftir að einstaklingur fór á biðlista en bið eftir tíma hjá bæklunarskurðlækni sem metur þörf á aðgerð og skráir á biðlista er ekki meðtalin. Gerðar voru 60 aðgerðir hjá Klíníkinni, Ármúla, án aðkomu Sjúkratrygginga á tímabilinu 1.10.2017 til 30.9. 2018. Miðgildi biðtíma var 3 vikur (sjá nánar í [yfirlitsskjali](#)).




**Myndir 3.1. Heildarfjöldi á biðlista á þeim aðgerðarstöðum sem eru hluti af biðlistaátakinu.** Í byrjun október 2018 voru 703 á biðlista eftir aðgerð, en á sama tíma fyrir þremur árum, áður en biðlistaátakið hófst, biðu 844. Fækkun milli þessara tímamarkna nemur 17% (samanborið við 36% fækkun á biðlista eftir liðskiptum á mjöðm, sjá mynd 2.1).




**Mynd 3.2. Mánuðir á biðlista.** Myndin sýnir hvað þeir sem voru á biðlista höfðu beðið lengi í tilgreindum mánuði. Verulega hefur fækkað í hópi þeirra sem hafa beðið lengur en 12 mánuði og fjöldi sem hefur beðið lengur en 6 mánuði hefur farið úr 590 í febrúar 2016 í 335 í október 2018. Myndin sýnir jafnframt að innstreymi á biðlista hefur aukist frá því að biðlistaátakið hófst. Í febrúar 2016, um það leyti sem átakið hófst, höfðu 117 verið á biðlista skemur en 3 mánuði, en fjöldinn var 222 nú í október 2018.



**Mynd 3.3. Framkvæmdar aðgerðir á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu.** Á síðustu 12 mánuðum voru gerðar 734 aðgerðir (grænar súlur) á tilgreindum aðgerðarstöðum, svipað og á 12 mánuðunum þar á undan (1.10.2016-30.9.2017) þegar gerðar voru 753 aðgerðir (gráar súlur).



**Mynd 3.4. Heildarfjöldi á biðlista og framkvæmdar aðgerðir á þeim aðgerðarstöðum sem taka þátt í biðlistaátakinu.** Myndin sýnir heildarfjölda á biðlista á öllum þremur aðgerðarstöðunum (súlur) og fjölda aðgerða (lína) á undangengnum 12 mánuðum (súlan við október 2018 táknar því heildarfjölda á biðlista í byrjun þess mánaðar en línan sýnir fjölda aðgerða 1.10.2017-30.9.2018). Gerðar voru 325 aðgerðir frá 1.10.2014-30.9.2015 en á síðastliðnum 12 mánuðum voru gerðar 734 aðgerðir. Þegar aðgerðafjöldi á ári er svipaður og fjöldi á biðlista verður biðtími langt umfram viðmiðunarmörk um að 80% komist í aðgerð innan þriggja mánaða. Mjög misjafnt virðist þó vera milli aðgerðarstaða hve löng biðin er (sjá mynd 3.5).



**Mynd 3.5. Miðgildi biðtíma.** Myndin sýnir miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á þremur 12 mánaða tímabilum á Landspítala, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi og Sjúkrahúsinu á Akureyri (ekki bárust upplýsingar um miðgildi biðtíma þar nema á síðasta tímabilinu). Miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á Landspítala 1.10.2015-30.9.2016 var 63 vikur en 33 vikur hjá þeim sem fóru í aðgerð 1.10.2017-30.9.2018. Þrátt fyrir að miðgildi biðtíma hafi styst um u.þ.b. 50% á Landspítala á þessum tíma, beið helmingur þeirra 447 sem fóru í aðgerð þar á síðustu 12 mánuðum a.m.k. rúma 7 mánuði eftir aðgerð. Miðgildi biðtíma þeirra 90 einstaklinga sem fóru í aðgerð á HVE á síðustu 12 mánuðum var 64 vikur. Þannig biðu 50% a.m.k. tæpa 15 mánuði eftir aðgerð. Á Sjúkrahúsinu á Akureyri var miðgildi biðtíma þeirra sem fóru í aðgerð á síðustu 12 mánuðum 24 vikur. Helmingur þeirra 197 sem fóru í aðgerð á tímabilinu var þannig búinn að fara í aðgerð eftir rúma 5 mánuði á biðlista.